

**A 1715/tillväxt**

Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um Global Deal**Tillaga**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að Norræna ráðherranefndin fylki sér undir fána Global Deal og beiti sér fyrir því að allar norrænar stofnanir sem starfa með ráðherranefndinni geri það einnig;

að hún beiti sér fyrir því að norrænu ríkisstjórnirnar taki þátt í Global Deal og gerist aðilar að yfirlýsingu þess.

Forsaga

Global Deal, hnattrænt framtak um félagslegt samráð og bætt kjör á vinnumarkaði, var kynnt þann 21. september 2016 af forsætisráðherra Svíþjóðar, Stefan Löfven. Sænska ríkisstjórnin hefur þróað verkefnið í samstarfi við Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) og Alþjóðavinnumálastofnunina (ILO).

Markmiðið með Global Deal er að stuðla að bættu samráði aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda, með það fyrir augum að bæta ráðningarform og auka framleiðni. Góð samskipti á vinnumarkaði og mannsæmandi störf stuðla að auknu jafnræði og arðbærum hagvexti fyrir launafólk, fyrirtæki og samfélög.

Global Deal miðar ekki að því að þróa nýja umgjörð eða samning sem innleiddur verði með samræmdum hætti í öllum löndum, eða koma á fót nýrri alþjóðlegri stofnun. Markmiðið með Global Deal er að skapa umræðuvettvang um samstarf aðila vinnumarkaðarins og hvernig efla megir þær leiðir til samstarfs sem fyrir eru. Global Deal mun byggja á verkefnum og samstarfi sem þegar er til staðar en framlag þess mun felast í því að veita almennri þróun pólitíska stefnu og slagkraft, auk þess að víkka út þau ferli sem þegar eru til staðar og gera þau kerfisbundnari.

Hnattrænu sjálfbærnimarkmiðin, hin svonefndu 2030-markmið, innihalda sérstakt markmið um arðbær og mannsæmandi atvinnutækifæri fyrir alla og viðvarandi sjálfbæran hagvöxt. Global Deal er skref í þessa átt.



Til grundvallar Global Deal liggur yfirlýsing sem löndum, fyrirtækjum, stéttarfélögum, samtökum og stofnunum býðst að gerast aðilar að. Lesið yfirlýsinguna um Global Deal í heild sinni hér: <http://www.theglobaldeal.com/>

Fjöldi aðila hefur þegar fylkt sér undir fána Global Deal, en Svíþjóð er eina norræna landið sem hefur gert það enn sem komið er.

Ósló, 24. janúar 2017

Erkki Tuomioja (sd)
Eva Sonidsson (S)
Gunvor Eldegard (A)
Hege Haukeland Liadal (A)
Ineqi Kielsen (S)
Irene Johansen (A)
Johan Andersson (S)
Jorodd Asphjell (A)
Karen J. Klint (S)
Karin Gaardsted (S)
Lars Mejern Larsson (S)

Lennart Axelsson (S)
Maarit Feldt-Ranta (sd)
Orla Hav (S)
Peter Johnsson (S)
Phia Andersson (S)
Pyry Niemi (S)
Rikard Larsson (S)
Ruth Mari Grung (A)
Sonja Mandt (A)
Tony Wikström (ÅSD)
Ville Skinnari (sd)